

## ICELANDAIR: UPPGJÖR 3. ÁRSFJÓRÐUNGS 2024

---

- EBIT afkoma 11,4 milljarðar króna (83 milljónir USD) og hagnaður eftir skatta 9,5 milljarðar króna (69 milljónir USD)
- Góður árangur í flugrekstrinum endurspeglast í 2% lækkun einingakostnaðar
- Framúrskarandi stundvísi, upp um 5 prósentustig og skilar sér til lækkunar einingakostnaðar
- Umbreytingarvegferð félagsins mun skila frekari kostnaðarlækkunum og tekjuaukningu
- Einingatekjur drógust saman vegna minni eftirspurnar á markaðnum til Íslands og lækkun meðalfargjalda á N-Atlantshafsmarkaðnum
- Sætanýting 86% í þriðja ársfjórðungi, aukning um 1,4 prósentustig milli ára
- Fjöldi farþega var 1,7 milljónir, aukning um 9%, þar af 550 þúsund farþegar til Íslands
- Góður árangur í leiguflegsstarfsemi, 21% EBIT hlutfall
- Jákvæður viðsnúningur í fraktstarfsemi nam 784 milljónum króna (5,7 milljónum USD)
- Sterk lausafjárstaða 53,6 milljarðar króna (395,7 milljónir USD)
- Tímamót þegar Icelandair var kynnt sem fyrsta samstarfsflugfélag Southwest Airlines, til viðbótar við fjóra nýja samstarfssamninga á árinu

## BOGI NILS BOGASON, FORSTJÓRI ICELANDAIR

---

„Með samstilltu átaki starfsfólks náðum við að nýta sveigjanleika leiðakerfisins til að bregðast við breytingum á eftirspurn til Íslands og setja meiri þunga á markaðinn yfir Atlantshafið sem skilaði góðri sætanýtingu á þriðja ársfjórðungi. Þessi eftirspurnarbreyting hafði þó áhrif á afkomu félagsins þar sem meðalfargjöld eru lægri á þeim markaði. Hins vegar er markaðurinn til Íslands að styrkjast á ný og gerum við ráð fyrir verulegum rekstrarbata á fjórða ársfjórðungi og á næsta ári. Við höldum áfram að ná góðum árangri í flugrekstrinum með met stundvísi og bættri skilvirkni viðhaldsverkefna sem skilaði sér í lækkun einingakostnaðar þrátt fyrir verðbólgu. Þá var áframhaldandi rekstrarbati í fraktstarfsemi okkar og leiguflogið skilaði mjög góðri afkomu á fjórðungnum.

Í takt við áherslu okkar á að bæta samkeppnishæfni félagsins og þannig renna stoðum undir arðbæran vöxt og árangur félagsins til lengri tíma, hófum við umbreytingarvegferð á fyrri hluta þessa árs sem er þegar farin að skila árangri. Við erum að velta við öllum steinum og höfum sett fram aðgerðaráætlun sem mun bæta arðsemi félagsins og stuðla að því að við náum langtímamarkmiði okkar um 8% EBIT hlutfall. Markmiðið er að þessi vegferð muni skila 70 milljónum dala á ársgrundvelli í lok næsta árs og enn meira á árunum þar á eftir. Fjöldmörg hagræðingarverkefni eru þegar í vinnslu og við höldum jafnframt áfram að styrkja tekjumyndun í gegnum fjölbreytta tekjustrauma, meðal annars í gegnum samstarf við önnur flugfélög. Á þessu ári höfum við gert samstarfssamninga við fjögur flugfélög – Emirates, TAP, Air Greenland og Atlantic Airways. Þá voru það mikil tímamót þegar tilkynnt var að Icelandair yrði fyrsta samstarfsflugfélag Southwest Airlines, sem er á meðal stærstu flugfélaga Bandaríkjanna.

Grunnurinn að viðskiptamódeli Icelandair og okkar helsta samkeppnisforskot er landfræðileg lega Íslands. Leiðakerfið er kjarninn í okkar starfsemi og býður upp á mikla tengimöguleika í Evrópu og Norður-Ameríku og enn fleiri í gegnum samstarfsflugfélög okkar. Þá mun tilkoma nýrra langdrægari flugvéla inn í flotann gera okkur kleift að opna nýja spennandi markaði og þar með styðja enn frekar við framtíðarþróun Íslands sem áfangastaðar og tengimiðstöðvar í flugi.

Horfur eru góðar og gerum við ráð fyrir töluverðum afkomubata í fjórða ársfjórðungi og á árinu 2025. Með því að byggja á okkar sterka grunni ásamt áherslu á aukna skilvirkni og að styrkja samkeppnishæfni

félagsins, tel ég að Icelandair sé í ákjósanlegri stöðu til að grípa tækifærin sem framundan eru og skapa virði fyrir hluthafa og samfélagið í heild.“

## VEFÚTSENDING 23. OKTÓBER 2024

---

Kynning á uppgjöri 3. ársfjórðungs ársins 2024 verður í beinu streymi á <https://icelandairgroup.com>. Streymið hefst kl. 8:30 miðvikudaginn 23. október 2024 þar sem Bogi Nils Bogason forstjóri og Ívar S. Kristinsson framkvæmdastjóri fjármála munu fara yfir uppgjörið og svara spurningum. Fundurinn verður á ensku. Kynningin verður aðgengileg að fundi loknum á heimasíðu félagsins og undir fyrirtækjafréttum á heimasíðu Nasdaq Nordic:  
<http://www.nasdaqomxnordic.com/news/companynews>

## FREKARI UPPLÝSINGAR VEITA

---

**Fjárfestar:** Kristófer Hlynsson, fjárfestatengill. Netfang: [kristoferh@icelandair.is](mailto:kristoferh@icelandair.is)

**Fréttamiðlar:** Ásdís Pétursdóttir, forstöðumaður samskipta og sjálfbærni. Netfang: [asdis@icelandair.is](mailto:asdis@icelandair.is)

## FJÁRHAGSDAGATAL

---

- 4. ársfjórðungur og 12M 2024, 30. janúar 2025
- Aðalfundur 13. mars 2025

## LYKILTÖLUR

		3. ársfj. 24	3. ársfj. 23	Breyting	9 mán. 24	9 mán. 23	Breyting
<b>Rekstrarniðurstaða</b>							
Rekstrartekjur	USD þús.	553.482	560.357	-6.875	1.221.826	1.207.792	14.034
þar af farþegatekjur	USD þús.	496.458	508.044	-11.586	1.048.503	1.031.312	17.191
Rekstrarkostnaður	USD þús.	427.409	412.304	15.105	1.090.514	1.036.225	54.289
EBIT	USD þús.	83.477	112.015	-28.538	17.894	71.244	-53.350
EBT	USD þús.	83.070	106.204	-23.134	10.939	56.443	-45.504
Hagnaður (tap)	USD þús.	69.201	84.464	-15.263	10.406	48.988	-38.582
<b>Efnahagur og sjóðstreymi<sup>1</sup></b>							
Eignir	USD þús.	-	-	-	1.659.346	1.527.676	131.670
Eigið fé	USD þús.	-	-	-	297.118	288.347	8.771
Vaxtab. skuldir og nettó leiguskuldb.	USD þús.	-	-	-	647.783	638.580	9.203
Nettó vaxtab. skuldir og leiguskuldb.	USD þús.	-	-	-	308.826	352.372	-43.546
Heildar lausafjárstaða	USD þús.	-	-	-	395.671	322.522	73.149
Handbært fé frá rekstri	USD þús.	-48.008	-41.441	-6.567	209.337	215.121	-5.784
Fjárfestingar, brúttó	USD þús.	24.652	16.501	8.151	88.984	144.747	-55.763
<b>Helstu kennitölur</b>							
Hagnaður á hlut	US sent	0,15	0,21	-0,06	0,02	0,12	-0,10
Eiginfjárhlutfall	%	-	-	-	17,9%	18,9%	-1,0 ppt
EBIT %	%	15,1%	20,0%	-4,9 ppt	1,5%	5,9%	-4,4 ppt
Einingatekjur <sup>2</sup>	US sent	8,4	9,3	-10%	8,0	8,7	-8%
Meðalverð (e. yield)	US sent	9,3	10,4	-11%	9,1	9,8	-7%
Einingakostnaður <sup>2</sup>	US sent	7,1	7,3	-2%	8,0	8,2	-2%
Einingakostnaður án eldsneytis <sup>2</sup>	US sent	5,1	5,2	-2%	6,0	6,1	-2%
<b>Flutningatölur</b>							
Fjöldi flugferða	fjöldi	6.167	5.780	7%	14.367	13.135	9%
Fjöldi farþega	fjöldi	1.669.025	1.530.224	9%	3.644.079	3.375.487	8%
Farþegar til Íslands	fjöldi	549.792	607.113	-9%	1.186.285	1.311.473	-10%
Farþegar frá Íslandi	fjöldi	241.911	236.079	2,5%	585.726	588.511	-
Farþegar um Ísland	fjöldi	808.427	615.849	31%	1.674.489	1.275.310	31%
Farþegar innan Íslands	fjöldi	68.895	71.183	-3%	197.580	200.192	-1%
Sætanýting	%	85,9%	84,5%	1,4 ppt	82,5%	82,9%	-0,4 ppt
Framboðnir sætiskm. (ASK)	millj.	6.007	5.543	8%	13.429	12.124	11%
Seldir sætiskm. (RPK)	millj.	5.159	4.683	10%	11.073	10.049	10%
Stundvísi millilandaflug (OTP)	%	83,0%	77,9%	5,1 ppt	84,0%	77,3%	6,7 ppt
Seldir frakt-tonn-km. (FTK)	þús.	29.625	44.993	-34%	98.899	134.140	-26%
Seldir blokk tímar	fjöldi	5.771	4.007	44%	14.632	11.537	27%
CO2 losun á hvern tonnkilómetra	nr.	0,72	0,74	-3%	0,74	0,75	-1%
<b>Starfsmenn</b>							
Meðalfjöldi stöðugilda	fjöldi	3.899	4.070	-4%	3.682	3.653	1%
Stöðugildi í lok tímabils	fjöldi	-	-	-	3.707	3.920	-5%

## FLUTNINGATÖLUR

---

- **Fjöldi farþega nam 1,7 milljónum á 3. ársfjórðungi, aukning um 9% á milli ára**
- **Fjöldi tengifarþega jókst um 31% og var 48% af heildarfarþegafjölda**
- **Stundvísi 83%, upp um 5,1 prósentustig milli ára**
- **Sætanyting 86% á þriðja ársfjórðungi upp um 1,4 prósentustig milli ára**

Á þriðja ársfjórðungi var framboðs aukning, mæld í sætiskílómetrum, í farþegaflugi Icelandair 8% á milli ára. Farþegaflutningar, mældir í flognum farþegakílómetrum (e. Revenue Passenger Kilometers) jukust um 10%. Fjöldi farþega nam 1,7 milljónum og sætanyting var 85,9% samanborið við 84,5% á síðasta ári.

Farþegum til Íslands fækkaði um 9% milli ára sem rekja má til minnkandi eftirspurnar á flugi til Íslands. Á sama tíma hefur Icelandair nýtt sveigjanleika leiðakerfisins og þess í stað lagt meiri áherslu á markaðinn yfir Atlantshafið og þannig tryggt góða sætanytingu. Fjöldi tengifarþega jókst um 31% á milli ára og var 48% af heildarfarþegafjölda samanborið við 40% í fyrra. Farþegum á markaðnum frá Íslandi fjölgaði um 2,5% sem undirstrikar sterka stöðu félagsins á heimamarkaði. Þá fækkaði farþegum í innanlandsflugi lítillega eða um 3% milli ára sem rekja má til færri farþega á ferðamannamarkaðinum til Íslands.

Flugstarfsemin gekk afar vel í þessum annasamasta fjórðungi ársins sem sýnir sig í því að stundvísi var 83,0% og batnaði verulega eða um 5,1 prósentustig samanborið við þriðja ársfjórðung á síðasta ári. Icelandair var í öðru sæti sem stundvísasta flugfélag Evrópu skv. skýrslu Cirium Analytics en stundvísi í júlí var 80,2% og í þriðja sæti á sama lista í ágúst þar sem stundvísi var enn betri eða 83%.

Frakt tonn-kílómetrar drógust saman um 34% á milli ára, þar sem dregið var verulega úr flutningsgetu sem hluta af aðgerðum til að bæta arðsemi fraktstarfseminnar. Leiguflugsstarfsemi gekk mjög vel á fjórðungnum en fjöldi seldra blokk tíma í leiguflugsstarfseminni jókst um 44% á milli ára þar sem framleiðsla jókst í öllum þáttum rekstrarins. Kolefnislosun á hvern tonn-kílómetra lækkaði um 3% milli ára vegna betri sætanytingar og aukinnar notkunar á hagkvæmum B737 MAX flugvélum auk góðs árangurs í verkefnum sem miða að minni eldsneytisnotkun.

## REKSTUR

---

- **Einingakostnaður lækkar um 2% milli ára**
- **Breytt samsetning farþega setur þrýsting á meðalfargjöld**
- **Áframhaldandi jákvæður viðsnúningur í fraktstarfseminni**
- **Góð arðsemi af leiguflugsstarfsemi**

**EBIT** afkoma var 83,5 milljónir USD á þriðja ársfjórðungi og lækkaði um 28,5 milljónir USD á milli ára. Góður árangur hefur náðst á kostnaðarhliðinni sem endurspeglast í 2% lækkun einingakostnaðar þrátt fyrir verðbólguþrýsting í rekstrarumhverfi félagsins. Tímabundinn samdráttur á markaðnum til Íslands og breytt samsetning farþega hafði áhrif á farþegatekjur og afkomu leiðakerfisins. Áframhaldandi viðsnúningur var í fraktstarfsemi sem nam um 5,7 milljónum USD á milli ára. Afkoma leiguflugsstarfseminnar var mjög góð og nam EBIT hlutfallið 21%.

**Heildartekjur** námu 553,5 milljónum USD á þriðja ársfjórðungi og lækkuðu um 1% á milli ára. **Farþegatekjur** námu 496,5 milljónum USD á fjórðungnum og lækkuðu um 2% milli ára. **Tekjur af flugfrakt** lækkuðu um 19% og námu 16,9 milljónum USD þar sem framboð var lagað að eftirspurn til að bæta afkomu. **Leiguflugstekjur** námu 23,2 milljónum USD og jukust um 69% á milli ára. **Aðrar tekjur** námu alls 16,9 milljónum USD samanborið við 17,7 milljónir USD sem samsvarar 4% lækkun á milli ára.

**Rekstrargjöld án afskrifta** námu 427,4 milljónum USD og jukust um 4% eða um 15,1 milljón USD á milli ára. **Laun og launatengd gjöld** námu 101,7 milljónum USD samanborið við 102,2 milljónir USD á þriðja ársfjórðungi síðasta árs. Stöðugildi voru að meðaltali 3.899 í fjórðungnum og fækkaði um 4% milli ára sem skýrist af fækkun starfa vegna útvistunar flugeldhúss á Keflavíkurlflugvelli fyrr á árinu. **Eldsneytiskostnaður** nam 125,0 milljónum USD í fjórðungnum og hækkaði um 3% á milli ára þrátt fyrir 8% framboðsaukningu í farþegafluginu. Hagkvæmari floti, aukin skilvirkni í rekstri og lækkun á verði losunarheimilda hafði áhrif til lækkunar. Vegið eldsneytisverð félagsins, að teknu tilliti til afgreiðsluálags og varna, nam 908 USD á hvert tonn samanborið við 910 USD á hvert tonn á síðata ári. Verð losunarheimilda lækkaði um 4%. **Annar flugtengdur kostnaður**, að meðtöldum afgreiðslu-, yfirflugs- og lendingargjöldum, viðhaldskostnaði og flugvélaleigu nam 95,0 milljónum USD samanborið við 85,1 milljón USD á síðasta ári. **Annar rekstrarkostnaður** var 105,7 milljónir USD, og jókst um 2 milljónir USD vegna meiri umsvifa í rekstri farþegaleiðakerfisins.

**Nettó fjármagnskostnaður** nam 1,8 milljón USD á þriðja ársfjórðungi samanborið við USD 5,4 milljónir á síðasta ári. Fjármunatekjur námu 7,9 milljónum USD og jukust um 0,4 milljónir USD á milli ára. Fjármagnskostnaður nam 9,7 milljónum USD og lækkaði um 3,3 milljónir USD. Gengishagnaður nam 0,2 milljónum USD.

**Einingatekjur**<sup>1</sup> á þriðja fjórðungi námu 8,4 US sent og lækkuðu um 10% á milli ára. Minni eftirspurn eftir flugferðum til Íslands og hærra hlutfall tengifarþega á Norður Atlantshafsmarkaðnum hefur sett þrýsting á meðalfargjöld sem skýrir lægri einingatekjur. Meðalfargjald (e. yield) nam 9.3 US sentum og lækkaði um 11% á milli ára. Tekjumyndun á Saga Premium var sterk á fjórðungnum og jókst á milli ára. **Einingakostnaður**<sup>2</sup> var 7,1 US sent, og lækkaði um 2% á milli ára. Einingakostnaður án eldsneytis lækkaði einnig um 2% á milli ára. Hagkvæmari flugfloti, árangursrík rekstrarstýring og kostnaðaraðhald hafði jákvæð áhrif á einingakostnað. Þá leiddi stórbætt stundvísi til lækkunar á kostnaði tengdum röskunum.

## EFNAHAGUR OG SJÓÐSSTREYMI

---

- **Eigið fé 297,1 milljónir USD og eiginfjárlutfall 18%**
- **Lausafé alls 395,7 milljónir USD**

### Efnahagsreikningur

**Heildareignir** námu 1,66 milljarði USD í lok september og jukust um 131,7 milljónir USD frá því í byrjun árs. Varanlegir rekstrarfjármunir námu 556,9 milljónum USD og leigueignir námu 368,3 milljónum USD. **Eigið fé** nam 297,1 milljónum USD og eiginfjárlutfall í lok september var 18%. **Vaxtaberandi skuldir og leiguskuldbindingar** námu alls 647,8 milljónum USD og jukust um 9,2 milljónir USD frá því í byrjun árs. **Nettó vaxtaberandi skuldir og leiguskuldbindingar** námu 308,8 milljónum USD og lækkuðu um 43,5 milljónir USD samanborið við upphaf árs.

### Sjóðsstaða

**Handbært fé og markaðsverðbréf** námu 303,7 milljónum USD í lok september og hækkuðu um 33,1 milljón USD frá upphafi árs. **Nettó sjóðstreymi frá rekstri** á fyrstu níu mánuðunum nam 209,3 milljónum USD. **Nettó fjárfestingahreyfingar** námu 161,3 milljónum USD og þar af nam fjárfesting í markaðsverðbréfum 62 milljónum USD og nettó fjárfestingar voru 84,5 milljónum USD. **Nettó fjármögnunarhreyfingar** námu 77,3 milljónum USD vegna afborgana vaxtaberandi lána og leiguskuldbindinga. Félagið hefur tryggt sér 40 milljóna USD lánalínu til viðbótar við áður óádregra

<sup>1</sup> Tekjur á hvern framboðinn sætiskílómetra (RASK) í farþegaleiðakerfinu

<sup>2</sup> Kostnaður á hvern framboðinn sætiskílómetra (CASK) í farþegaleiðakerfinu

lánalínu að fjárhæð 52 milljónum og að teknu tilliti til þeirra var **lausafjárstaðan** í lok september 395,7 milljónir USD.

## HORFUR

---

### Markaðurinn til Íslands að ná fyrri styrk

Horfur í leiðakerfi Icelandair eru góðar og er bókunarstaðan sterkari nú fyrir fjórða ársfjórðung en á sama tíma í fyrra. Til viðbótar, hafði eldgos á Reykjanesi í nóvember 2023 neikvæð áhrif á bókanir næstu mánuði á eftir. Sterkari bókunarstaða er til marks um það að markaðurinn til Íslands sé að taka við sér á ný eftir að dregið hafði úr eftirspurn tímabundið undanfarna mánuði. Á sama tíma heldur markaðurinn frá Íslandi áfram að vera sterkur og horfur áfram góðar. Meðalfargjöld á N-Atlantshafsmarkaðnum hafa verið lægri en gert var ráð fyrir á þessu ári þar sem framboðs aukning hefur verið umfram eftirspurn. Það eru hins vegar vísbendingar um að ósjálfbært framboð á ýmsum mörkuðum til og frá Íslandi sé að minnka, sem mun leiða til betra jafnvægis milli framboðs og eftirspurnar á fjórða ársfjórðungi og inn á næsta ár.

### Framboðs aukning 8-10% á árinu 2025 á óbreyttum fjölda flugvéla

Næsta sumar mun Icelandair fljúga til 55 áfangastaða. Nashville, Tennessee, sem kemur inn sem nýr áfangastaður í Norður-Ameríku mun bjóða upp á spennandi tengingar fyrir farþega frá Íslandi og Evrópu til fjölmargra áfangastaða í Bandaríkjunum. Að auki munu Orlando og Lissabon verða að heilsársáfangastöðum, og þá verður flug hafið til Gautaborgar næsta sumar. Tíðni verður aukin til áfangastaða þar sem Icelandair hefur sterka samstarfsaðila, með það að markmiði að nýta þau tækifæri sem slíkt samstarf hefur í för með sér. Næsta sumar verður Icelandair með 42 flugvélar í rekstri, þar af 21 B737 MAX vélar og fjórar nýjar Airbus A321LR og verður heildarfjöldi flugvéla í leiðakerfinu sá sami og í ár. Nýju vélarnar eru hagkvæmari í rekstri en B757 vélarnar sem þær leysa af hólmi, sökum minni eldsneytisnotkunar og lægri viðhaldskostnaðar. Lægri rekstrarkostnaður þessara nýju véla styður við vöxt félagsins utan háannar en á næsta ári verður framboðs aukningin að mestu að vori og hausti, sem m.a. felst í að flug í seinni tengibanka hefjast fyrir páska. Framboðið næsta sumar verður svipað og í ár. Aukinn vöxtur í framboði utan háannar mun hafa jákvæð áhrif á einingakostnað. Á heildina litið er gert ráð fyrir því að framboð aukist um 8-10% milli ára á sama flugvélafjölda og í ár.

### Afhending fyrstu Airbus A321LR áætluð á fjórða ársfjórðungi 2024

Undirbúningur stendur nú yfir vegna komu fyrstu Airbus A321LR flugvélarinnar sem áætluð er á fjórða ársfjórðungi þessa árs, en þessi vél verður sú fyrsta af fjórum sem félagið gerir ráð fyrir í leiðakerfi sínu næsta sumar. Þetta er stór áfangi fyrir félagið og munu þessar vélar koma til með að leysa af hólmi B757 vélar félagsins sem þjónað hafa leiðarkerfi Icelandair í áratugi. A321LR flugvélar hafa marga kosti í för með sér fyrir Icelandair, sérstaklega hvað varðar skilvirkni í rekstri, þar sem þær eru nota minna eldsneyti og viðhaldskostnaður er minni. Þá munu þær styðja við sjálfbærni og vaxandi fjölda félagsins.

### Aukið samstarf við önnur flugfélög

Icelandair leggur mikla áherslu á að efla samstarf við önnur flugfélög með það að markmiði að styrkja enn frekar öflugt leiðarkerfi félagsins og auka tengimöguleika. Tekjur af slíkum samstarfssamningum nema í dag ríflega 10% af heildartekjum félagsins og allt að 40% af tekjum á einstökum leiðum. Á þessu ári hefur félagið skrifað undir fjóra samninga um sammerkt flug – við Emirates, TAP, Air Greenland og Atlantic Airways. Þá voru það mikil tímamót þegar tilkynnt var um fyrirhugað samstarf við Southwest Airlines þar sem Icelandair verður fyrsta samstarfsflugfélag þeirra. Það samstarf mun opna á fjölmarga spennandi ferðamöguleika fyrir viðskiptavinum beggja félaga.

### Bætt afkoma í fraktstarfsemi

Verulegur viðsnúningur er í afkomu fraktstarfseminnar og gert er ráð fyrir að hún skili rekstrarhagnaði (EBIT) á árinu samanborið við 16 milljóna USD rekstrartap á síðasta ári. Horfur í útflutningi eru góðar og gert er ráð fyrir aukningu á næstu misserum. Útflutningur á laxi er vaxandi, þá sér í lagi til Norður-Ameríku. Gert er ráð fyrir því að áframhaldandi vexti á næstu mánuðum sem mun styðja við rekstur fraktstarfseminnar.

### Horfur áfram góðar í leigufluggi

Afkoma af leiguflugstarfsemi félagsins hefur verið mjög góð í ár og er gert ráð fyrir að svo verði áfram næstu mánuði. Heimsferðir félagsins ganga mjög vel en félagið er með þrjár vélar sem sinna þeim verkefnum. Í nóvember hefst leiguverkefni á Suðurpólnum en þetta verður fjórða árið í röð sem sett verður upp loftbrú á milli suðurodda Chile og Suðurlandsins.

### Umbreytingarvegferð – ONE – leiðin að langtíma arðsemismarkmiðum

Icelandair hóf umfangsmikla umbreytingarferð undir nafninu ONE á fyrri helmingi þessa árs. Þessi vegferð er mikilvæg til þess að bregðast við markaðsaðstæðum, verðbólgu, kostnaðarþrýstingi og sveiflum í eftirspurn. Þá mun hún styrkja félagið til lengri tíma svo það geti nýtt framtíðartækifæri og skapað virði fyrir hluthafa og samfélagið í heild. Megintilgangurinn er að auka hagkvæmni í rekstri, aðallega með því að lækka kostnað en einnig með aðgerðum sem stuðla að tekjuaukningu. Félagið er að velta við öllum steinum í rekstrinum og er vegferðin þegar farin að skila árangri, sérstaklega á kostnaðarhlíðinni. Yfir 400 umbótaverkefni af öllum sviðum innan félagsins hafa verið skilgreind og verða innleidd á næstu tveimur árum. Sérstök skrifstofa umbreytinga hefur verið sett á laggirnar til að halda utan um innleiðinguna. Áætlað er að þessi umbreytingarvegferð muni stuðla að því að félagið nái langtíma markmiði sínu um 8% EBIT. Markmiðið er að vegferðin muni skila 70 milljónum dala á ársgrundvelli í lok næsta árs og enn meira á árunum þar á eftir.

### Staða eldsneytisvarna

Taflan hér að neðan sýnir stöðu eldsneytisvarna félagsins í lok þriðja ársfjórðungs 2024. Um 38% af áætlaðri notkun í leiðakerfi félagsins næstu tólf mánuði er varin á 798 USD vegnu meðalverði á hvert tonn.

Tímabil	Áætluð notkun	Magn varið í tonnum	% af áætlaðri notkun	Vegið meðaltal verð
Q4 2024	75.577	37.560	50%	825
Q1 2025	63.094	27.760	44%	802
Q2 2025	97.785	39.350	40%	788
<b>9 months</b>	<b>236.456</b>	<b>104.670</b>	<b>44%</b>	<b>805</b>
Q3 2025	126.265	31.500	25%	775
<b>12 months</b>	<b>362.721</b>	<b>136.170</b>	<b>38%</b>	<b>798</b>
Q4 2025	75.577	12.850	17%	764
<b>13-18 months</b>	<b>63.094</b>	<b>5.700</b>	<b>9%</b>	<b>735</b>



## Afkomuspá

Icelandair áætlar verulega bætta afkomu á fjórða ársfjórðungi samanborið við sama tímabil í fyrra. Gert er ráð fyrir hagstæðri þróun milli ára í öllum þremur rekstrareiningum félagsins, leiðarkerfinu, fraktstarfsemi og í leiguflugi. Þá er gert ráð fyrir því að einingakostnaður lækki milli ára, einkum vegna lægra eldsneytisverðs og hagræðingar í rekstri. Þrátt fyrir bætta afkomu á fjórða ársfjórðungi þessa árs samanborið við síðasta ár, þá er áætlað að EBIT (rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði og skatta) verði neikvæður um 10-20 milljónir USD, samanborið við hagnað upp á 21 milljón USD árið 2023. Þessa lækkun má rekja til minni eftirspurnar á markaðnum til Íslands og lægri meðalfargjalda á flugi yfir Atlantshafið.

Eins og á fjórða ársfjórðungi er gert ráð fyrir því að afkoma haldi áfram að batna á næsta ári. Hagvísar á lykilmörkuðum félagsins eru almennt jákvæðir og þá er búist við hægari vexti í heildarframboði á næsta ári en árið 2024, bæði á markaðnum til Íslands og yfir Atlantshafið. Icelandair hyggst auka framboð í leiðarkerfi sínu á næsta ári með sama fjölda flugvéla og nú og munu fjórar nýjar og sparneytnari A321LR vélar koma í stað fjögurra B757 véla, sem mun hafa jákvæð áhrif á einingakostnað.